

Deiliskipulag Hornafjarðarhafnar við Ósland



September 2022

Mynd á forsíðu: Bátstangabryggja á Óslandi.

Greinargerð: Alta

Verknúmer: A1535-007-U01

Deiliskipulag Hornafjarðarhafnar við Óslands

Ágúst 2022



ATA

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar þann _____ 20__.

f.h.Hornafjarðar

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Forsendur.....	8
2.1 Skipulagssvæðið.....	8
2.2 Landslag, náttúrufar og menningarminjar.....	10
2.3 Gildandi stefnur.....	11
2.4 Áhrif á umhverfið.....	13
3. Skipulagsskilmálar.....	16
3.1. Áherslur við deiliskipulagsgerðina.....	16
3.2. Almennir skilmálar.....	17
3.2.1 Uppdrættir.....	17
3.2.2 Starfsemi.....	17
3.2.3 Framkvæmdir.....	17
3.2.4 Byggðamynstur og byggingar.....	17
3.2.5 Lóðarfrágangur.....	18
3.2.6 Samgöngur.....	22
3.2.7	

Höfnin.....	23
3.2.8 Veitur.....	24
3.2.9 Verndun.....	24
3.2.10 Almenningsrými.....	25
3.3 Sérskilmálar.....	28
4. Kynning og samráð.....	33



I Inngangur

1. Inngangur

Frá 1950 hefur Höfn í Hornafirði vaxið úr litlu sjávarþorpi í einn af helstu útgerðarstöðum landsins. Forsendur þessa vaxtar eru ekki síst umbætur á Hornafjarðarhöfn, en hún hefur tekið miklum breytingum frá því að fyrstu eiginlegu hafnarmannvirkin voru reist í kringum 1920. Á hafnarsvæðinu eru í dag öflug sjávarútvegsfyrirtæki sem og önnur starfsemi og þjónusta. Höfnin iðar gjarnan af lífi og laðar að sér ferðamenn, gesti og gangandi.

Hafnarsvæðið er hins vegar af skornum skammti og því er mikilvægt að nýta það vel fyrir hafnsækna starfsemi og annað sem henni tengist. Á aðliggjandi svæðum deiliskipulagsins er stefnt að aukinni miðbæjarstarfsemi og uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu og því mikilvægt að hafnarsvæðið sé vel skipulagt og fallett ásýndar. Þess vegna var tekin ákvörðun um að endurskoða gildandi deiliskipulag Hornafjarðarhafnar við Ósland í heild sinni með það að markmiði að styðja við hafnsækna starfsemi í sveitarfélaginu, stuðla að bættri ásýnd svæðisins og tryggja skilvirka nýtingu og markvissa uppbyggingu á hafnarsvæðinu.

Deiliskipulag þetta er heildarendurskoðun á deiliskipulagi Hornafjarðarhafnar við Ósland sem samþykkt var 03.09.2015. Við samþykkt endurskoðaðs deiliskipulags fellur gildandi deiliskipulag Óslands úr gildi.

Vinna við endurskoðun deiliskipulagsins hófst með samráði við hafnarstjórn í maí 2021 þar sem farið var yfir áherslur, þarfir og framtíðarsýn hafnarinnar. Samráðsfundir með helstu hagsmunaaðilum voru haldnir á Höfn í mars 2022. Út frá samráðinu voru helstu áherslur og breytingar fyrir endurskoðun deiliskipulagsins mótaðar. Breytingarnar eru sumar sértækar og ná til einstakra lóða en einnig eru gerðar

breytingar á almennum skilmálum sem ná til alls svæðisins.

Helstu breytingar á deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

- **Deiliskipulagsmörkin** eru færð og látin liggja um miðja höfnina.
- **Smábátahöfnin** verður ekki stækkuð á uppdrætti en settir eru inn skilmálar um mögulega stækkun til austurs í framtíðinni.
- **Hafnarkantur Óslandsbryggju** verður sýndur með smá breytingu á uppdrætti en settir eru inn skilmálar um að heimilt sé að staðsetja og lagfæra hafnarkannt innan afmarkaðs svæðis án breytinga á skipulagi.
- Svæðið við hafnarkant Óslandsbryggju verður skilgreint sem **athafnasvæði**.
- Fallið er frá færslu á **götunni Faxeyri** og fær hún að vera óbreytt.
- **Lóð vigtarinnar** verður hluti af athafnasvæði.
- Gerðar eru breytingar á nokkrum lóðum og **grænn geiri** meðfram Óslandsvegi er stækkaður.
- Settir eru skýrari skilmálar um **frágang og umgengni** á svæðinu til að stuðla að góðri ásýnd.
- **Aðgengi almennings** að hafnarsvæðinu er skilgreint betur til að tryggja öryggi og ná fram betri nýtingu á svæðinu.



Il Forsendur

2. Forsendur

2.1 Skipulagssvæðið

Afmörkun svæðisins fylgir mörkum aðliggjandi deiliskipulags til vesturs og afmörkun friðlands í Óslandi. Til austurs og suðurs fylgja þau strandlínu og til norðurs liggja þau um miðja höfnina. Svæðið er um það bil 32 ha að stærð.

Á deiliskipulagssvæðinu er í dag starfsemi á níu lóðum sem gerð er grein fyrir í töflu hér til hliðar. Ekki er talin þörf fyrir gerð húsakönnunar á deiliskipulagssvæðinu þar sem byggingarnar eru ekki taldar hafa varðveislugildi sökum aldurs. Þess í stað eru settir skilmálar um útlit bygginga í kafla 3.2.3 til þess að tryggja að þær falli vel að nærumhverfi sínu og hafi jákvæð áhrif á svipmót byggðarinnar.

Á Höfn í Hornafirði er landris sem nemur um 1,5 cm á hverju ári. Þá berst mikið magn af efni inn í Hornafjarðarhöfn, en dæla þarf úr henni til að viðmiðunardýpi sé ávallt tryggt. Við núverandi aðstæður þarf að jafnaði að dæla allt að 25.000 rúmmetrum á ári, eða 50.000 rúmmetrum annað hvert ár. Botnefnum sem falla til við dýpkun Hornafjarðarhafnar og innsiglingar að henni er dælt í álinn milli Mela og Óslands við Stapaklett (merkt E79 í aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030). Efnislosunarsvæðið liggur utan deiliskipulagsmarka. Lega dælulagnar er sýnd á uppdrætti. Ný athafnalóð er skilgreind í deiliskipulaginu þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni aðstöðu til haugsetningar fyrir efni sem hægt er að endurnýta.

Hreinsistöð fyrir skólpi er staðsett á lóðinni Miðós 4. Hreinsuðu skólpi er leitt fram fyrir Óslandstanga í Hornafjarðarfljót, með aðalútrás milli Óslandstanga og Stapakletts. Á uppdrætti má sjá legu frárennslis á Óslandi.

	Bygg.ár	Stærð lóðar (m ²)	Birt stærð (m ²)	Hæð í m	Nh.	Notkun
Ófeigstangi 9	1999	3.421	961	7,0	0,28	Fiskverkun
Ófeigstangi 13a	2021	78	-	-	-	Spennistöð Rarik
Ófeigstangi 15	1988	5.790	1.599	7,8	0,28	Verkstæði/ verkfærageymsla
Ófeigstangi 17	1979- 1988	18.758	4.144	7,7	0,22	Netagerð/Lager/ Skrifstofa
Miðós 4	2022	5.467	144	5,5	0,03	Hreinsivirki
Miðós 8b	-	60	-	-	0,5	Spennistöð Rarik
Miðós 10	1978	4.339	587	8,3	0,14	Tunnugeymsla/ Gagnaver
Miðós 17	1953- 2003	18.230	5.766	10,2	0,32	Mjölskemman, hráefnis- og lýsistankar o.fl.
Miðós 17a	2008	306	147	-	0,48	Löndunarhús

Miðós 17b	-	310	93	-	0,19	Bátaskýli
-----------	---	-----	----	---	------	-----------

1. Núverandi starfsemi á deiliskipulagssvæðinu.



2. Afmörkun svæðis, starfsemi, aðliggjandi deiliskipulagsmörk og lagnir.

2.2 Landslag, náttúrufar og menningarminjar

Deiliskipulagssvæðið er staðsett sunnan við þéttbýlið, á svæði sem áður var eyja, en er nú fast við land. Vestasti hluti deiliskipulagssvæðisins (vestan við svokallaða Ferjukletta) er uppfylling, en þar hefur uppdælingu úr höfninni verið safnað. Þar er því langt niður á fast og erfitt byggingarland. Þessi fyrrum eyja er að mestu flatlend, að tveimur hæðum undanskildum. Annars vegar Óslandshæð, í friðlandi Óslands þar sem eru bílastæði, upplýsingaskilti og minnisvarði um sjómenn. Þaðan er víðsýnt til allra átta og sér vel yfir innsiglinguna um Hornafjarðarós og fjallahringinn frá Örafajökli til Vestra-Horns. Það er mikilvægt að gæta þess að nýbyggingar skyggi ekki á útsýni á fjallahring og ósinn. Það er um það bil 7 m hæðarmunur á Óslandshæð og meirihluta deiliskipulagssvæðisins. Hin hæðin er kölluð Ferjuklettur. Þar var, eins og nafnið gefur til kynna skipalægi fyrir Höfn áður fyrr.

Fuglalíf á og í kringum deiliskipulagssvæðið er fjölbreytt. Þar eru einnig útivistarstígar umhverfis Óslandstjörn og meðfram strandlengjunni. Á deiliskipulagssvæðinu er mestmegnis hálfgróið yfirborð og graslendi, en þó nokkuð er af sjálfsprottnum víði vestast á svæðinu auk þess sem sjá melgresi meðfram ströndinni víða. Það er áhugavert að skoða hvort ekki megi nýta víðinn í umhverfisfrágang á deiliskipulagssvæðinu.

Fornleifaskráning fór fram í janúar 2022 á þekktum sem og óþekktum minjum. Sýnilegar minjar voru staðsettar nákvæmlega og ljósmyndaðar. Innan deiliskipulagssvæðis eru skráðir níu minjastaðir, tóftir og garðlög beitarhúsa á Fjánhúshól, heimild um götuslóða, mögulegt vörðubrot við suðurbakka Óslands og skipalægi við Ferjukletta. Allar skráðar minjar í þessu verkefni skilgreinast sem fornleifar samkvæmt aldursákvæðum minjalaga. Þær ættu ekki að vera í hættu vegna fyrirhugaðra áforma á svæðinu. (Ósland fornleifaskráning, 2022)



Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2746:001	Fjánhúshóll	garðlag	matjurtargarður	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:002	Fjánhúshóll	tóft	fjánhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:003	Fjánhúshóll	tóft	fjánhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:004	Fjánhúshóll	garðlag	aðhald	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:005	Fjánhúshóll	tóft	fjánhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:006	Fjánhúshóll	tóft	fjánhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:007		heimild	gata	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:008		þúst	óþekkt	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:009	Ytri-Ferjuklettur	heimild	skipalægi	1550-1950	hætta v/rasks

3. Samantekt skráðra minja á hafnarsvæðinu. (Ósland fornleifaskráning, 2022)

2.3 Gildandi stefnur

2.3.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Deiliskipulagssvæðið heyrir allt undir hafnarsvæði í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012–2030 (ASH) fyrir utan fráveitumannvirki sem er á iðnaðarsvæði (I6).

Um landnotkunarflokkinn hafnarsvæði segir í aðalskipulaginu:

„Hafnir H1 eru Hornafjarðarhöfn og Faxeyrarhöfn. Hafnarsvæðið er 72 ha. Núverandi hafnaraðstaða verður þróuð og betrubætt. Bryggjur og viðlegukantar sem sýndir eru á skipulagsuppdrætti eru ekki bindandi. Dælingum til að dýpka höfnina og innsiglinguna verður haldið áfram eftir þörfum. [...] Á hafnarsvæðinu er svigrúm fyrir fiskvinnslu, verkstæði og smiðjur, geymslur og annað sem er nauðsynlegt fyrir útgerð og umsýslu við skip og báta.“ (ASH greinargerð, bls. 61)


Á deiliskipulagssvæðinu er fráveitumannvirki og sjávarútrás milli Óslands og Stapakletts á iðnaðarsvæði (I6).

Tafla 19.1 Iðnaðarsvæði á Höfn, í Lóni og Nesjum.

„16 Ósland Skólpadælustöð - svigrúm fyrir mannvirki og aðkomu. Stærð um 0,5 ha.“

Þá segir í kafla 19.2:

Í Óslandi - innan hafnarsvæðis (H) - er skilgreint iðnaðarsvæði fyrir skólpadælustöð (I 6). Sýnd er ný aðalútrás fráveitunnar á Höfn, milli Óslands og Stapakletts. Þegar nýja útrásin verður tekin í gagnið munu útrásir við Leiðarhöfða og í Álögarey verða lagðar af. (Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. 1. Fráveita og nýtt iðnaðarsvæði í Óslandi)“



4. Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030.

2.3.2 Aðliggjandi svæði

Við þróun hafnarsvæðisins þarf að taka mið af áætlunum fyrir aðliggjandi svæði. Deiliskipulagssvæðið liggur að opnu svæði: **OP1. Ósland - Fólkvangur** og friðlýst svæði: **FS4: Ósland – Fólkvangur** (sjá nánar umfjöllun um Ósland hér að ofan).

Þá er afmarkað svæði skilgreint undir annarri náttúruvernd: **ÖN5:**

„Nr. 629. Skarðsfjörður (ásamt Álaugarey). (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.“ (ASH greinargerð, bls. 76).

Á Hornafjarðarhöfn norðanverðri eru tvær deiliskipulagsáætlanir í gildi. Annars vegar „**Hafnarsvæðið við Krossey**“ samþykkt 03.03.2014 og hins vegar „**Hafnarvík-Heppa-Höfn**“, samþykkt 15.12.2011. Vestan við hafnarsvæðið er „**deiliskipulag Útbæjar á Höfn**“, samþykkt. 12.02.2016. Gert er ráð fyrir aukinni uppbyggingu atvinnu- og menningarlífs í deiliskipulaginu Hafnarvík-Heppa-Höfn og í deiliskipulagi Útbæjar er mótuð umgjörð um aukna verslun- og þjónustu, ferðamennsku og útivist í Óslandi.

Gera má ráð fyrir að með aukinni uppbyggingu á aðliggjandi svæðum verði meiri umferð almennings um hafnarsvæðið sem taka þarf tillit til í deiliskipulagi Óslands. Einnig þarf að huga að ólíkri landnotkun aðliggjandi svæða og hvernig hafnarsvæðið passar þar við.

2.4 Áhrif á umhverfið

Deiliskipulagstillagan fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Hér er gert grein fyrir áhrifum tillögunnar á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag þetta er heildarendurskoðun á deiliskipulagi Hornafjarðarhafnar við Ósland sem samþykkt var 03.09.2015. Ekki eru gerðar stórvægilegar breytingar frá fyrra deiliskipulagi.

Í deiliskipulaginu er gerð krafa um snyrtilegan frágang og góða umgengni um svæðið allt og settir eru skilmálar er stuðla að því. Einnig eru settir skilmálar um útlit bygginga sem stuðla að því að þær falli að nærumhverfi sínu og hafi jákvæð áhrif á svipmót byggðarinnar.

Ekki er ólíklegt að starfsemi á hafnarsvæðinu komi til með að hafa áhrif á aðliggjandi landnotkun sem er miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og fólkvangur Óslands. Í tillögunni er gert ráð fyrir grænu dvalarsvæði við Óslandsveg sem kemur til með að milda ásjón og draga úr hljóðvist frá svæðinu. Lögð er sérstök áhersla á góðan frágang lóða er snúa að aðliggjandi landnotkun og dregið er úr stærð lóða og hæð bygginga í vestur til að skerða ekki gæði nærliggjandi svæða og útsýni yfir þéttbýlið frá Óslandshæð. Byggðamynstur og landnotkun vestast á deiliskipulaginu styður við aðliggjandi landnotkun.



5. Sólsetur á hafnarsvæðinu.



6. Horft yfir hluta af hafnarsvæði Óslands og innsiglingu hafnarinnar.



III Skipulagsskilmálar

3. Skipulagsskilmálar

3.1. Áherslur við deiliskipulagsgerðina

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að tryggja skilvirka nýtingu, snyrtilegan frágang og markvissa uppbyggingu á hafnarsvæðinu.

Eftirfarandi áherslur eru lagðar við deiliskipulagsgerðina:

- Að styðja við uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.
- Að styrkja hafnsækna starfsemi með því að bjóða upp á sveigjanlegar lóðir, fjölbreytilegar að stærð og sveigjanlega byggingarreiti.
- Skilgreina athafnasvæði við hafnarkant Óslandsbryggju.
- Að tryggja hafnarvog og vogarhúsi (vigtinni) lóð á stað sem hentar þeirri starfsemi.
- Að móta stefnu um umhverfisfrágang lóða og almenningsrýma á deiliskipulagssvæðinu og ásýnd þess utan frá.
- Setja almenna og sértæka skilmála um lóðir og lóðafrágang, sérstaklega lóðir sem nýttar eru sem geymslusvæði.
- Að stuðla að aðlaðandi ásýnd svæðisins sem næsta nágrenni friðlands við Ósland, verslunar og þjónustusvæðis Útbæjar og menningarstarfsemi á Heppu.
- Huga að aðgengi almennings um svæðið og aðgangsstýringu við smábátahöfn og hafnarkant.

3.2. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um allt deiliskipulagssvæðið en einnig eru settir sérskilmálar fyrir sumar lóðir. Þar sem sérskilmálar víkja frá almennum skilmálum gilda sérskilmálar.

3.2.1 Uppdrættir

Nýbyggingar, viðbyggingar og aðrar framkvæmdir innan lóða skipulagssvæðisins skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, gildandi byggingarreglugerð, hæðar- og mæliblöð og aðrar reglugerðir og staðla sem lúta að byggingarmálum almennt. Auk aðaluppdráttar skal gera grein fyrir lóðarfrágangi í samræmi við umfjöllun í kafla 3.2.4.

3.2.2 Starfsemi

Starfsemi á svæðinu skal vera í samræmi við skilgreinda landnotkun í aðalskipulagi.

***Hafnir (H):** Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.*

3.2.3 Framkvæmdir

Allar framkvæmdir á deiliskipulagssvæðinu skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa. Við framkvæmdir skal taka tillit til fuglalífs og varptíma fugla, en óheppilegt er að framkvæma á meðan varp- og ungatími stendur, og er það yfirleitt á tímanum 1. apríl og fram til 1. ágúst ár hvert.

3.2.4 Byggðamynstur og byggingar

Hæðir bygginga og þakgerð

Hæðir bygginga miðast við að útsýni frá Óslandshæð á þéttbýlið og fjallahringinn í bakgrunninum skerðist ekki og að jaðar deiliskipulagssvæðisins til vesturs og til friðlandsins að Óslandi skerði ekki gæði nærliggjandi svæða. Hæðir bygginga á deiliskipulagssvæðinu verða á bilinu 4,5 m upp í 10,5 m. Hámarkshæðir bygginga eru tilgreindar í sérskilmálum.

Byggingar skulu almennt vera með mænispak og þakhalla að jafnaði 14° til 35°. Mænisstefna skal taka mið af núverandi húsum á svæðinu sem og aðliggjandi húsum.

Byggingarreitir og sveigjanleiki

Staðsetning bygginga innan byggingarreits er frjáls en þær skulu í öllum tilfellum vera 3 m frá aðliggjandi lóðamörkum og fylgja ákvæðum byggingarreglugerðar um bil milli bygginga.

Allir meginhlutar byggingar skulu vera innan byggingarreits. Stakir byggingarhlutar, s.s. tæknibúnaður, loftnet, þakskegg, tröppur eða lofttúður geta farið að einhverju leyti upp eða út fyrir byggingarreit og skal þá gera grein fyrir þeim á aðaluppdráttum.

Í deiliskipulaginu er lagt upp með að bjóða upp á sveigjanleika í stærðum lóða. Til að ná því markmiði er heimilt að sameina ákveðnar lóðir, sjá nánar í sérskilmálum.

Sé lóðum sem snúa að sitthvorri götunni úthlutað til sama lóðarhafa skal heimilisfang sameinaðra lóða miðast við þá götu sem norðar er. Sem dæmi, sé Ófeigstanga 6 og Miðósi 5 úthlutað til sama lóðarhafa skal heimilisfang sameinaðra lóða vera Ófeigstangi 6.

Bindandi byggingarlína

Á deiliskipulagsupprætti er sýnd bindandi byggingarlína með það að markmiði að móta götummynd þar sem við á. Bygging skal fylgja byggingarlínu sem nemur að lágmarki 50% af lengd hennar.

Frágangur bygginga

Aðalinngangur byggingar skal vera áberandi og aðgengilegur gangandi vegfarendum frá götu sem og frá bílastæðum innan lóðar. Aðalinngangur skal auðkenna með einhverjum hætti svo sem með skyggni, inn- eða útbyggingu og lýsingu.

Mælst er til þess að byggingar séu felldar að umhverfi sínu og hugað að því að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra með aðgerðum á borð við uppbrot á veggflötum t.d. með litum, efnisvali og áferð eða inn- og útskotum (sjá fordæmi á mynd 7).

Lita- og efnisval á ytra byrði bygginga skal vera í jarðartónum, t.a.m. grá-, græn- og/eða brúntóna og skulu falla vel að nærumhverfinu. Samræma skal útlit samtengdra bygginga t.a.m. hvað varðar þakform, hæð bygginga, efnisval, litaval, girðingar, merkingar og lóðafrágang.

3.2.5 Lóðarfrágangur

Krafa er gerð um snyrtilegan frágang og góða umgengni um svæðið allt, jafnt innan lóða sem utan.

Á lóðaupprætti skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum s.s. yfirborðsfrágang og hæðarsetningu lands, stoðveggi, lýsingu, aðgengi, innkeyrslur, bílastæði, sorpgeymslur, girðingar, merkingar, kvaðir og annað það sem kann að skipta máli fyrir fyrirkomulag og ásýnd lóða sem og svæðisins í heild.

Öllum framkvæmdum við hús og á lóð þar með talin frágangur lóðar með

bundnu slitlagi, gróðri og umhverfi skal lokið innan fjögurra ára frá úthlutun lóðar.

Lóðarhafar samliggjandi lóða skulu hafa samráð um frágang á sameiginlegum lóðamörkum.

Lóðamörk að götu / jöðrum

Sérstök áhersla er lögð á frágang lóðar að götu. Leitast ætti við að afmarka lóðarmörk að götu (sjá mynd 11) með lágum gróðri, s.s. víði eða melgresi (sjá mynd 8) og steinhleðslum úr sprengdu grjóti (sjá mynd 9-10) eða fjörugrjóti (sjá mynd 11). Grónar hleðslur (sjá mynd 9) eru einnig einföld og aðlaðandi lausn. Víða á hafnarsvæðinu við Höfn eru



7. Uppbrot á veggfleti með ljósmyndum sem hafa skírskotun í sögu svæðisins.



8. Melgresi mætir sprengdu grjóti í fjöruborðinu.

Þessir hlutir vel leystir og auðvelt að finna góð fordæmi sem áhugavert er að byggja áfram á eftir því sem fram vindur á hafnarsvæðinu.

Huga skal sérstaklega að frágangi á lóðamörkum er snúa að friðlandinu Óslandi og Útbæ til vesturs, sem og lóðarmörk að hafnarkanti. Þessar hliðar lóða eru andlit deiliskipulagssvæðisins, annars vegar þegar ekið eða gengið er meðfram Óslandsvegi að friðlandinu og hins vegar þegar komið er að Höfn sjóleiðis. Gert er ráð fyrir að gróðri sé plantað á lóðamörkum er snúa út að friðlandinu, mælt er með lágrestum runnagróðri og/eða fíngerðum lágvöxnum trjám.

Aðkoma

Afmarka skal aðkomu frá götu að lóð með skýrum hætti til að stuðla að öryggi gangandi og hjólandi. Leiðbeinandi aðkoma að lóðum er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti en getur tekið breytingum á mæli- og hæðarblaði.

Tryggja skal gönguleiðir án hindrana að aðalinngöngum. Mælt er með að nota mismunandi yfirborðsefni til að afmarka leiðir innan lóðar, s.s. að aðalinngangi. Þar má t.d. nota stein- eða steiptar hellur, mól eða ljósan við (sjá mynd 11, 12 og 13).

Bílastæði

Bílastæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum skulu vera innan lóða og gera skal grein fyrir þeim á aðaluppdráttum.

Fjöldi bílastæða skal vera í samræmi við starfsemi innan lóðar. Á lóðum þar sem búast má við gestum eða viðskiptavinum skal gera ráð fyrir nægilegum fjölda bílastæða innan lóðar.

Leitast skal við að brjóta upp stærri bílastæði með umhverfisfrágangi, til dæmis með gróðri, hleðslum eða öðrum aðlaðandi frágangi.

Óheimilt að leggja bifreiðum eða vinnutækjum utan lóða til skemmri eða

lengri tíma. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skulu vera sem næst aðalinngangi og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.



9-10. Steinhleðslur úr sprengdu grjóti.



11. Mismunandi yfirborðsefni og afmörkuð lóðarmörk að götu.

Girðingar

Heimilt er að girða lóðir af í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar og skipulagsskilmála þessa.

Sé lóð afmörkuð með girðingu skal tryggja gegnsæi hennar að einhverju leyti og hæð skal ekki fara yfir 1,5 m nema þess sé krafist af öryggisástæðum. Gera skal grein fyrir efnisvali og útliti girðinga, skjól- og stoðveggja innan lóðar og á lóðamörkum

Þar sem gera þarf ráð fyrir steinsteyptum lóðar- og stoðveggjum skulu þeir staðsettir og hannaðir með byggingunni og þess gætt að þeir falli vel að byggingu og lóð. Stoðveggir skulu ýmist vera steinsteyptir eða byggðir upp með náttúrugrjóti, timbri eða forsteyptum einingum.

Vanda skal allan frágang á girðingum og veggjum jafnt innan lóða sem utan. Framkvæmdaraðili skal gera grein fyrir hönnun girðinga samhliða byggingarleyfisumsókn og skal fylgja þeirri hönnun ef girðingar eru settar upp.

Á lóðamörkum skulu lóðarhafar hafa samráð um frágang og leita skal samþykkis aðliggjandi lóðarhafa vegna skjólveggja og/eða girðinga á lóðamörkum, óháð hæð þeirra.

Skilti og merkingar

Á húshliðum er heimilt að koma fyrir skiltum eða merkingum sem tengjast starfsemi á svæðinu.

Stærð skilta og merkinga skal vera hófleg og skulu ekki fara upp fyrir mænishæð bygginga.

Ekki er heimilt að nota ljósa- eða neonskilti. Heimilt er að lýsa skilti upp

með óbeinni lýsingu og skal lýsing skermuð af og beint niður á við til að forðast ljósmengun.

Framkvæmdaraðili skal gera grein fyrir stærð og gerð merkinga og skilta.



12. Ljós mól notuð sem yfirborð.



13. Afmörkuð gönguleið með hellulögn.

Breytingar á merkingum og skiltum skal bera undir byggingarfulltrúa og skal skriflegt samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir áður en breytingar koma til framkvæmda.

Geymslusvæði á lóð

Á þeim lóðum þar sem þörf er á að geyma tæki, efni, hluti eða aðra lausafjarmuni sem tengjast starfsemi á lóð til lengri og skemmri tíma skal skilgreina sérstakt geymslusvæði á lóð. Gera skal grein fyrir geymslusvæðum á aðaluppdráttum.

Geymslusvæðið skal girða af og gera skal grein fyrir efnisvali og útliti girðingar á aðaluppdráttum.

Óheimilt er að geyma tæki, efni eða hluti sem tengjast starfsemi á lóð utan geymslusvæða.

Heimilt er að geyma lausafjarmuni í smíðum innan lóðar.

Tryggja skal að lausafjarmunir á lóðum falli að ákvæðum byggingarreglugerðar og reglna um gáma, báta og aðra lausafjarmuni í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Geymslulóðir

Ef nota skal lóð eingöngu sem geymslulóð þarf að gera grein fyrir notkun lóðar í umsókn.

Krafa er um snyrtilegan frágang og lóðina skal girða af. Gera skal grein fyrir efnisvali og útliti girðingar og öðrum lóðarfrágangi á aðaluppdrætti sem samþykktur er af byggingarfulltrúa.

Sömu kröfur gilda um lóðafrágang og girðingar á geymslulóðum og öðrum lóðum.

Sorpgeymslur og sorpgerði

Á aðaluppdráttum skal sýna staðsetningu sorpgáma og/eða sorpgeymsla.

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við þá starfsemi sem fram fer á viðkomandi lóð og fylgja ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og

þeirra laga og reglugerða sem við eiga.

Sorpgeymslur skulu taka mið af rýmisþörf vegna flokkunar sorps.

Ganga skal á snyrtilegan hátt frá sorpgeymslum og sorpgerðum og aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður.

Ekki er heimilt að úrgangi eða efni sé safnað saman í óvarðar hrúgur innan lóða og koma skal í veg fyrir fok af lóðum.

Mengunarvarnir

Þar sem við á skal gera ráð fyrir fullkomnum mengunarvörnum s.s. olú-, sand- og fituskiljum, loftræstingu og öðrum vörnum í samræmi við starfsemi sem fyrirhuguð er eða vænta má að verði á lóð.

Mengunarvarnir skulu vera í samræmi við starfsleyfi, gildandi byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem taka á mengunarvörnum og hollustuháttum tengdum atvinnustarfsemi.

Lýsing

Til að forðast ljósmengun skal lágmarka alla lýsingu innan svæðis.

Ljósgeifar utanhúss, jafnt innan lóða sem utan, skulu vera glýjufríir og skermaðir af þannig að ljósdreifing frá þeim beinist niður, til að forðast ljósmengun frá svæðinu.

Leyfilegt er að hafa flóðlýsingu sem vinnulýsingu, en tryggja skal að ekki verði kveikt á vinnulýsingu að óþörfu, hún skal að jafnaði vera slökkt að kvöldi og nóttu til.

3.2.6 Samgöngur

Götur

Samfara auknu byggingarmagni á hafnarsvæðinu verða nýjar götur lagðar og aðrar víkja. Óslandsvegur víkur í núverandi mynd, en legu hans er hliðrað til vesturs. Óslandsvegur verður áfram meginæð samgangna um hafnarsvæðið og að friðlandi Óslands.


Vegurinn Bátstangi breytist að hluta til í athafnasvæði við hafnarkant Óslandsbryggju en sett er inn kvöð um akstursleið til að tryggja aðgengi bíla við hafnarkantinn þegar þess þarf.

Vegurinn Faxeyri er óbreyttur.

Gangstéttar

Gert er ráð fyrir að hægt sé að fara um deiliskipulagssvæðið fótgangandi á gang-stéttum meðfram götum. Þannig aukast mögu-leikar íbúa á að velja fjölbreyttari ferða-máta til og frá vinnu, enda vegalengdir jafnan stuttar og góðar göngutengingar auka líkur á því að fólk velji þann ferðamáta.

Gera skal ráð fyrir gangstéttum við allar götur innan deiliskipulagssvæðisins, öðru megin götunnar. Gert er ráð fyrir 2-3 m breiðri gangstétt norðan götu, þar sem skuggavarp er minna (þar sem við á) og tengingum þar á milli. Umferð hjólandi fer með bílum í götu. (sjá mynd 14).



14. Dæmi um götusnið á Óslandi. Gert er ráð fyrir 2-3 m breiðri gangstétt norðan götu þar sem við á og hjól fara með umferð bíla í götu.

3.2.7 Höfnin

Á uppdrætti er sýnd breyting á hafnarkanti til skýringar. Heimilt er að breyta hafnarkanti og smábátahöfn þegar endanleg hönnun liggur fyrir.

Athafnasvæði

Þrjú athafnasvæði eru á deiliskipulagssvæðinu, athafnasvæði 1, 2 og 3. Á öllum athafnasvæðum er heimilt að setja niður tæki og búnað sem nauðsynleg eru á hafnarsvæðum að undangengnu byggingarleyfi ef slíks er krafist skv. byggingarreglugerð.

Athafnasvæði 1 er svæðið meðfram hafnarkanti Óslandsbryggju. Um er að ræða vinnusvæði hafnarinnar. Bryggjuþekjan öll frá lóðarmörkum að hafnarkanti skal vera í sömu hæð og með áþekkri áferð.

Á athafnasvæði er kvöð um akstursleið sem skal afmörkuð með máluðum línnum, eða öðrum skýrum hætti.

Heimilt er að loka fyrir aðgengi almennings að athafnasvæði 1 og smábátabryggju þegar þess þarf. Lokun skal vera merkt með áberandi hætti.

Athafnasvæði 2 (Miðós 8). Um er að ræða geymslusvæði fyrir notendur hafnarinnar. Geymslusvæði skal girða af og krafa er um snyrtilegan frágang í samræmi við kafla 3.2.4 um lóðafrágang.

Athafnasvæði 3 (Miðós 12). Á lóðinni er gert ráð fyrir aðstöðu til haugsetningar á botnefni (sandefni) vegna uppdælingar á hafnarsvæði, allt að 60.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Ef sandfok á sér stað frá svæðinu eða önnur óþægindi, þá ber að koma í veg fyrir það með viðeigandi lausnum.

Hafnarvog

Lóð fyrir hafnarvog (Bátstangi 1) er staðsett innan athafnarsvæðis 1. Þar

er skilgreindur byggingarreitur fyrir vogarhús, hafnarvog og skylda starfsemi. Staðsetning vogar og annarra mannvirkja er frjálst innan lóðar og verður ákvörðuð á hönnunarstigi ásamt inn- og útakstri.

Ekki er heimilt að úthluta lóðinni til annarra nota nema að vigtin hafi fengið varanlega lóð á öðrum stað.

3.2.8 Veitur

Nýjar lóðir fyrir núverandi spennistöðvar eru afmarkaðar við Ófeigstanga og Miðós. Heimilt er að afmarka nýjar lóðir fyrir spennistöðvar á svæðinu eftir þörfum án þess að gera þurfi breytingu á deiliskipulagi, svo framarlega sem þær hafa ekki neikvæð áhrif á aðrar lóðir eða starfsemi innan þeirra.

Jarðstrengur er sýndur á uppdrætti og hafa skal samráð við Rarik vegna framkvæmda sem geta haft áhrif á hann.

Lega dælulagnar vegna uppðælingar úr höfninni er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á dælulögn skulu gerðar í samráði við sveitarfélagið. Óheimilt að byggja nær dælulögn en 1 m til beggja átta.

Á uppdrætti má sjá legu frárennslis á Óslandi. Kvöð er um aðgengi að fráveitulögn innan lóðar.

3.2.9 Verndun

Á deiliskipulagssvæðinu eru skráðir níu minjastaðir, tóftir og garðlög beitarhúsa á Fjánhúshól, heimild um götuslóða og mögulegt vörðubrot við suðurbakka Óslands. Minjar eru merktar inn á deiliskipulagsuppdrátt með 15 m friðhelgunarsvæði.

Finnist minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2010.



15. Horft meðfram strandlengjunni sunnan megin á Óslandi.

er ráð fyrir að gamli hafnargarðururinn verði gerður sýnilegur með einhverjum hætti til þess að miðla sögu staðarins.

3.2.10 Almenningsrými

Dvalarsvæði

Hafnarsvæðið bæjarins er mikilvægur áningastaður sem laðar að sér gesti og gangandi. Höfnin er stolt bæjarins og allar framkvæmdir innan svæðisins ættu að styrkja þá ímynd. Við uppbyggingu og þróun svæðisins skal taka mið af staðháttum og nánasta umhverfi þ.e. sjórinn, höfnin og miðsvæði Hafnar (sjá fordæmi 16-17 og staðaranda á bls. 28).

Huga þarf að samspili við nálæga ferðapjónustu í miðbænum og á verslunar og þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir grænum geira meðfram Óslandsvegi til þess að fegra ásýnd svæðisins. Í græna geiranum eru dvalarsvæði þar sem hægt er að miðla sögunni og styrkja staðaranda svæðisins í öruggu umhverfi (sjá staðaranda á bls. 28).

Gert er ráð fyrir eftirfarandi dvalarstöðum við Óslandsveg:

Ferjuklettur

Við Ferjukletta er gert ráð fyrir almenningsrými við Óslandsveg. Þar skal setja upp skilti sem greinir frá gömlu hlutverki klettanna og gera því skil hvernig landslagið hefur tekið breytingum á svæðinu. Mikilvægt er að stakstæðir klettarnir fái notið sín og hugað sé að samspili þeirra og hafnarsvæðisins.

Smábátabryggja - Akurey

Við smábátabryggju er gert ráð fyrir dvalarsvæði og góðum tengingum að Heppu um vesturkant hafnarinnar þar sem sýningar skipið Akurey stóð. Þar er góð yfirsýn yfir allt hafnarsvæðið og tilvalið að styrkja tengslin á milli miðbæjar og smábátabryggju (Sjá fordæmi 18-19). Gamli hafnargarðururinn liggur um það bil þar sem Óslandsvegur liggur nú. Gert



16-17. Uppbygging á Siglufirði þar sem tekið er tillit til staðhátta sem styrkir ímynd bæjarins. Myndir: Paradoxtravel.com.

Gert er ráð fyrir aðstöðu þar sem hægt verður að setjast niður og fylgjast með lífi í höfninni. Þar er einnig gert ráð fyrir upplýsingaskilti þar sem gert er grein fyrir gönguleiðum á Óslandi og sögu svæðisins. (Sjá myndir á bls. 27).

Frágangur almenningsrýma


Frágangur almenningsrýma og gönguleiða skal taka mið af núverandi einkennum svæðisins með vísun í náttúru og sögu þess. Hlaðið, sprengt grjót, grasmanir og þess háttar skal notað til afmörkunar svæða auk lágreists gróðurs á borð við melgresi og víði.

Leitast skal við að nota mismunandi yfirborðsefni á ólík rými á svæðinu til að styðja við fjölbreytni og áhugaverðar sjónrænar upplifanir. Þar sem því er viðkomið ætti að velja efni sem hefur sterka skírskotun til náttúru og sögu Hornafjarðar, s.s. timburplankar, hellur og malaryfirborð. Hönnun götugagna má einnig gjarnan vísa til sjómennsku eða sögu útgerðarinnar á Höfn (sjá myndir á bls. 27)

Leitast skal við að varðveita sjónlínur frá höfninni að mikilvægum kennileitum og milli sjávar og fjalla.



18-19. Slippurinn í Reykjavík er svæði þar sem iðnaðar- og athafnasvæði fer saman með miðbæjarstarfsemi og ferðamennsku. Unnið er með nærliggjandi staðaranda og tengsl við höfnina sem er viðeigandi fyrir starfsemi við höfnina. Myndir: icelandmag.is og Icelandair hótél.





3.3 Sérskilmálar

Götuheiti	Stærð lóðar (m ²)	Há.flatarmál (m ²)	Birt stærð	Hámarkshæð	NH	Ónýtt bygg.magn	Sérskilmáli
Bátstangi 1	3625	725		4,5	0,2		Aðkoma að lóð um Bátstanga. Hugsa skal að umferðaröryggi við staðsetningu inn og útaksturs af lóðinni.
Bátstangi 2	1585	475		4,5	0,3		Á lóðum við Bátstanga 2,4 er heimilt að vera með starfsemi á borð við veitingasölu, verslun eða aðra þjónustu. Á þessum lóðum er óheimilt er að vera með starfsemi sem, vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða annarrar mengunar, getur haft neikvæð áhrif á miðbæjarstarfsemi Útbæjar á aðliggjandi lóðum.
Bátstangi 4	1585	475		4,5	0,3		
Bátstangi 6	1577	473		4,5	0,3		
Bátstangi 8	2529	1.264		4,5	0,5		Heimilt að sameina lóð með Ófeigstanga 7.
Bátstangi 9	856						
Ófeigstangi 1	1585	475		4,5	0,3		Á lóðum við Ófeigstanga 1,3 og 5 er heimilt að vera með starfsemi á borð við veitingasölu, verslun eða aðra þjónustu. Á þessum lóðum er óheimilt er að vera með starfsemi sem, vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða annarrar mengunar, getur haft neikvæð áhrif á miðbæjarstarfsemi Útbæjar á aðliggjandi lóðum.
Ófeigstangi 3	1585	475		4,5	0,3		
Ófeigstangi 5	1578	473		4,5	0,3		
Ófeigstangi 7	2328	1.164		4,5	0,5		Heimilt að sameina lóð með Bátstanga 8.
Ófeigstangi 9	4184	2092	961	8	0,5	1.131	
Ófeigstangi 13a	156	78		4,5	0,5		Spennistöð Rarik. Heimilt er að byggja 1 m. frá aðliggjandi lóðamörkum.

Ófeigstangi 15	6138	3.069	1.599	8	0,5	1.47	
Ófeigstangi 17	9468	4.734	4.144	8	0,5	590	
Ófeigstangi 6	2092	1.046		7	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 6 með öðrum lóðum með eftirfarandi hætti: 2 lóðir saman: Ófeigstangi 6 og 8 eða Ófeigstangi 6 og Miðós 5. Þrjár lóðir saman: Ófeigstangi 6, 8 og 10. Fjórar lóðir saman Ófeigstangi 6 og 8 ásamt Miðós 5 og 7. Sex lóðir saman: Ófeigstangi 6, 8, og 10 ásamt Miðósi 5, 7 og 9.
Ófeigstangi 8	2106	1.053		7	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 8 með öðrum lóðum með eftirfarandi hætti: 2 lóðir saman: Ófeigstangi 6 og 8 eða Ófeigs-tangi 8 og Miðós 7. Þrjár lóðir saman: Ófeigstangi 6, 8, 10. Fjórar lóðir saman Ófeigstangi 6, 8 eða 8, 10 ásamt Miðós 5, 7 eða 7, 9. Sex lóðir saman: Ófeigstangi 6, 8, og 10 ásamt Miðósi 5, 7 og 9.
Ófeigstangi 10	2107	1.053		7	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 10 með öðrum lóðum með eftirfarandi hætti: 2 lóðir saman: Ófeigstangi 10 og 8 eða Ófeigstangi 10 og Miðós 9. Þrjár lóðir saman: Ófeigstangi 6,8 og 10. Fjórar lóðir saman Ófeigstangi 10 og 8 ásamt Miðós 9 og 7. Sex lóðir saman: Ófeigstangi 6, 8, og 10 ásamt Miðósi 5, 7 og 9.
Ófeigstangi 13	78	39			0,5		Spennistöð.
Ófeigstangi 12	4048	2.024		10,5	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 12 og Ófeigstanga 14 eða Ófeigstanga 12 og Miðós 11 til sama lóðarhafa.
Ófeigstangi 14	4048	2.024		10,5	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 14 og Ófeigstanga 12, eða Ófeigstanga 14 og Miðós 13 til sama lóðarhafa. Sanddælulögn liggur í gegnum lóðina. Óheimilt er að byggja nær henni en 1 m.
Ófeigstangi 16	4050	2.025		10,5	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 16 og Miðós 15 til sama lóðarhafa.

Ófeigstangi 18	10615	5.307		10,5	0,5		Skástrikaður reitur er tímabundið öryggissvæði fyrir sprengihurð á ketilhúsi. Ekki er heimilt að byggja eða úthluta nema tryggt sé að ekki sé lengur þörf á öryggissvæði.
Miðós 5	2024	1.012		7	0,5		Heimilt er að sameina Miðósi 5 með öðrum lóðum með eftirfarandi hætti: 2 lóðir saman: Miðós 5 og 7 eða Miðós 5 og Ófeigstangi 6. Þrjár lóðir saman: Miðós 5, 7 og 9. Fjórar lóðir saman: Miðós 5 og 7 ásamt Ófeigstanga 6 og 8. Sex lóðir saman: Miðós 5, 7 og 9 ásamt Ófeigstanga 6, 8, og 10.
Miðós 7	2037	1.018		7	0,5		Heimilt er að sameina Miðósi 7 með öðrum lóðum með eftirfarandi hætti: 2 lóðir saman: Miðós 7 og 9 eða Miðós 7 og 5. Þrjár lóðir saman: Miðós 5, 7 og 9. Fjórar lóðir saman: Miðós 5, 7 eða 7, 9 ásamt Ófeigstanga 6, 8 eða 8, 10. Sex lóðir saman: Miðósi 5, 7 og 9 ásamt Ófeigstanga 6, 8, og 10.
Miðós 9	2039	1.019		7	0,5		Heimilt er að sameina Miðósi 9 með öðrum lóðum með eftirfarandi hætti: 2 lóðir saman: Miðós 9 og 7. Þrjár lóðir saman: Miðós 5, 7 og 9. Fjórar lóðir saman: Miðós 9 og 7 ásamt Ófeigstanga 10 og 8. Sex lóðir saman: Miðós 5, 7 og 9 ásamt Ófeigstanga 6, 8, og 10.a
Miðós 11	3917	1.958		7	0,5		Heimilt er að sameina Miðós 11 og 13 eða Miðós 11 og Ófeigstanga 12 til sama lóðarhafa.
Miðós 13	3917	1.958		10,5	0,5		Heimilt er að sameina Miðós 13 og 11 eða Miðós 13 og Ófeigstanga 14 til sama lóðarhafa. Sanddæluögn liggur í gegnum lóðina. Óheimilt er að byggja nær henni en 1 m.
Miðós 15	3919	1.959		10,5	0,5		Heimilt er að sameina Ófeigstanga 16 og Miðós 15 til sama lóðarhafa.
Miðós 17	16970	8.485	5.766	10,5	0,5	2.719	Kvöð er um akstursleið á lóð.
Miðós 17a	318	159	147	4,5	0,5	12	Kvöð er um akstursleið að lóð.
Miðós 17b	309	154,5	93	4,5	0,5	61,5	Kvöð er um akstursleið að lóð. Frá lóðinni skal tryggja

							aðgengi niður að fjöru norðan lóðarinnar. Þar er mögulegt að koma fyrir rampi og aðstöðu fyrir Fjarðarbáta.
Miðós 4	5785	1.735	144	8,5	0,3	1.591	Fráveita liggur í gegnum lóðina. Kvöð er um aðgengi að fráveitulögn.
Miðós 6	5942	2.971		8,5	0,5		
Miðós 8a	60	30		4,5	0,5		Spennistöð Rarik. Heimilt er að byggja 1 m. frá aðliggjandi lóðamörkum.
Miðós 10	4420	2.21	587	8,5	0,5	1.623	



IV Kynning og samráð

4. Kynning og samráð

Lýsing var kynnt í desember 2021 í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing var aðgengileg á vef sveitarfélagsins, auglýst í dagblaði og lá frammi í Ráðhúsi Hornafjarðar. Lýsing var einnig send lögbundnum umsagnaraðilum.

Umsagnaraðilar eru eftirfarandi:

- Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar
- Samgöngustofa – siglingasvið
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Náttúrustofa Suðausturlands
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- MAST

Athugasemdir vegna deiliskipulagslýsingar bárust frá Náttúrustofu Suðausturlands, Minjastofnun Íslands og Skipulagsstofnun. Í deiliskipulaginu var tekið tilliti til þeirra athugasemda er bárust.

Deiliskipulag á vinnslustigi var kynnt hagsmunaaðilum á fjarfundi 29. ágúst 2022 skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá ?. Athugasemdir og ábendingar voru hafðar til hliðsjónar við mótun deiliskipulagstillögunnar.

Endanleg tillaga að deiliskipulagi er nú auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið var samþykkt til auglýsingar í skipulagsnefnd___ og í bæjarstjórn ____.

Tillagan verður aðgengileg á vef sveitarfélagsins, auglýst með áberandi

hætti og send umsagnaraðilum. Auglýsingartími er að lágmarki 6 vikur.

Að auglýsingu lokinni verður unnið úr athugasemdum sem kunna að berast og þeim svarað. Að lokinni umfjöllun í sveitarstjórn og yfirferð Skipulagsstofnunar verður gildistaka deiliskipulagsins auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

